

Þessar leiðbeiningar gilda fyrir sýnatökur úr fullorðnum stofnfuglum kalkúna í varpi.

Svona skalt þú taka sýni

Sýnatökuplan fyrir stofnfugla kalkúna

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af stjórnanda	Sýni tekið af MAST
Fullorðnir hópar	Á þriggja vikna fresti (á varptímabilinu)	Varphús	Sýnatökuyfirhlífar / ryksýni ¹	Alltaf, nema þegar Mast tekur sýni	Einu sinni á ári úr öllum hópum á 10% búa

¹ Þú tekur sýni annarhvort með 5 sokkapörum, eða með einu sokkapari og einu ryksýni.

Sokkasýni (skóhlífasýni)

Þú notar rakadrægt efni, t.d. grisjuhólka, sem þú klippir í u.þ.b. 50cm langa búta.

Þú vættir sokkana fyrir sýnatöku með hreinu vatni (sama vatn og drykkjarvatnið fyrir fuglana).

(Ath: Ekki er leyfilegt að nota vökva með sótthreinsandi eða sýkladrepandi efnum.

Ekki má nota sótthreinsandi efni á skóna. Ef fótabað með sótthreinsandi efni eru notuð skalt þú nota einnota skóhlífa undir sýnatökubúnaðinum.)

Sokkaparið er sett yfir skófatnaðinn sem tilheyrir eldishúsinu. Þú festir sokkinn með því að rifa grisjuna og hnýta saman.



Svo gengur þú um eldissalinn þannig að sýni fæst úr mismunandi svæðum (svo sem þurr og blaut svæði). Skóhlífarið tekur þú varlega af skófatnaðinum (svo ekki hrynji af sokkunum) og setur það gætilega í nýjan hreinan plastpoka. Sýnataka er endurtekin úr öðrum hlutum eldissalsins ef þú tekur sýni með fimm sokkapörum. Þú skalt passa að með hverju pari er gengið um hluta hússins þannig að í lok hefur þú tekið sýni úr öllum hlutum hússins.

Ef þú tekur sýni með fimm sokkapörum, setur þú 2 pör í einn poka og 3 pör í annann poka (tvö safnsýni).

Ryksýni

Þú notar einnota hanska til að safna ryk , a.m.k. 100g í sér poka eða glas sem tekur minnst 250ml. Sýni eru tekin allstaðar í húsinu af yfirborðsflötum sem eru sýnilega rykugir.

Þú mátt einnig nota eitt eða fleiri taustykki með a.m.k. 900cm² flatarmál, sem var/voru vætt eins og sokkarnir og safnar ryk allstaðar í húsinu. Sýnið er sett í sér ílát.

Frágangur

Þú merkir sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahópsins og sýnatökudagsetningu. Fylltu út eyðublaðið nákvæmlega og sendu sýnið með rannsóknarbeiðnina samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Forðaðu sýninu frá miklum hita eða sólskíni.

Ef þú getur ekki sent sýnið samdægurs eða innan við 24 klst. þarft þú að geyma það í kæli við 2-8°C. Ath: Sýnið telst órannsóknarhæft ef yfir 96 klst. liða frá sýnatöku þar til rannsókn hefst og er þá ógilt.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar
- Tússpenni og límmiðar
- Rannsóknareyðublað (<http://www.mast.is/eydublod/bufe>)
- Kassi til sendingar



Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 584/2008 (ekki er búið að innleiða reglugerðina).

Útgáfudagur: 1. nóvember 2011